

Alþingi 27.9.2016

Málsnrá: 1609086

Málalykill: 0.34.2



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2016

Efni: 870. mál, umsögn um frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota).

Félagi leikstjóra á Íslandi hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972, mál nr. 870.

Við fögnum því að frumvarp þessa efnis er komið fram. IHM hefur undirbúið málsókn á hendur fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs sökum afskiptaleysis löggjafa og framkvæmdavalds í eignarréttarmálum þeirra sem hlut eiga að máli en hafa um árabíl verið hlunnfarnir um tekjur af eignum sínum: höfundarréttur er eignaréttur og er sem slíkur varinn samkvæmt stjórnarskrá.

Tillögur um gjaldtöku af búnaði til afritunar af öllu tagi féllu ekki að skattalækkunarstefnu stjórnarflokka sem nú sitja. Því er sú tillaga á borðinu sem hér er rædd. Betri er fugl í hendi en tveir í skógi. Því styður Flí framkomið frumvarp og vill stuðla að hraðri afgreiðslu þess í gegnum þingið.

Virðingarfyllt

F.h. stjórnar

Páll Baldvin Baldvinsson